



9. fundur stjórnar Aftureldingar 10. nóvember 2010

Fundur settur kl. 17:15

Mætt: Anna Sigríður Guðnadóttir, Ásmundur Pálsson, Helga Jóhannesdóttir, Jón Pálsson, Sævar Kristinsson. Guðjón Helgason boðaði forföll. Brynjar Jóhannesson framkvæmdastjóri sat fundinn.

Dagskrá:

1. Aftureldingarfatnaður
2. Fjárhagsáætlanir deilda
3. Æfingagjöld
4. Þríhliða samningar við Eldingu, líkamsrækt
5. Samningar við Mosfellsbæ
6. Jafnréttisstefna og tölulegar upplýsingar
7. Síðareglur
8. Upplýsingavefur
9. Afreksráð
10. Formannafundur.

1) **Aftureldingarfatnaður.**

Aðalstjórn hafa borist upplýsingar um að Jako/Namo sé að auglýsa til sölu íþróttafatnað sem þeir kalla nýju Aftureldingargallana. Þetta er algjörlega í óþökk félagsins og óleyfilegt. Aðalstjórn ákvað að fela formanni og framkvæmdastjóra að skrifa Jako bréf þar sem óskað verði eftir því að fyrirtækið hætti þegar í stað að selja vörur merktar Aftureldingu og/eða selja þær í nafni félagsins. Verði þessari beiðni ekki sinnt mun aðalstjórn grípa til frekari aðgerða.

2) **Fjárhagsáætlanir deilda.**

Þann 15. nóvember er skilafrestur fjárhagsáætlana 2011 fyrir deildir félagsins. Framkvæmdastjóri mun senda út áminningu til allra deilda.

3) **Æfingagjöld.**

Ræddur var mismunur á æfingagjöldum milli deilda sem og milli barna og fullorðinna. Nánari umræða verður tekin á formannafundi.

4) **Þríhliða samningar við Eldingu líkamsrækt.**

Formaður fór yfir þau samskipti sem verið hafa milli hans og eiganda Eldingar, líkamsræktar annars vegar og félagsins og bæjaryfirvalda hins vegar, vegna endurnýjunar samninga félagsins við Eldingu. Ákveðið að formaður og framkvæmdastjóri haldi áfram viðræðum, en m.a. þarf að skilgreina betur hvað er innifalið í samningnum, öryggismál o.fl.

5) Samningar við Mosfellsbæ.

Formaður sagði frá fundi sínum og framkvæmdastjóra með Íþrótt- og tómstundanevnd í október. Í samræmi við áherslur félagsins lögðu þeir áherslu á nauðsyn þess að efla innra starf og bæta félagsaðstöðuna sem og hugmyndir um að félagið taki að sér aukið hlutverk í rekstri á Varmá. Formaður hefur einnig fundað með bæjarstjóra sérstaklega. Formanni og framkvæmdastjóra falið að halda áfram viðræðum í þessum farvegi.

6) Jafnréttisstefna og tölulegar upplýsingar.

Jafnréttisnefnd sem skipuð var á síðasta formannafundi hefur hafið störf. Auk þeirra 3ja sem skipuð voru þá hefur einn fulltrúi bæst við, Ólafur Ingi Óskarsson. Nefndin er þannig skipuð tveimur konum og tveimur körlum. Nefndin er í samstarfi við mannauðsstjóra Mosfellsbæjar við gerð stefnunnar enda gerir bærinn vissar kröfur er varða jafnréttismál í samræmi við eigin stefnu. Er gaman að geta þess að mannauðsstjóri bæjarins fagnaði sérstaklega þessu framtaki Aftureldingar að móta sér jafnréttisstefnu. Nefndin þarf að safna saman tölulegum kyngreindum upplýsingum sem notaðar verða í vinnunni við stefnumótunina og verða jafnframt afhentar bæjaryfirvöldum. Samþykkt var bréf til formanna deilda sem framkvæmdastjóri mun senda út.

7) Siðareglur.

Siðareglur eru nú tilbúnar til yfirlesturs lögfræðings og til endanlegs prófarkalesturs. Vonir standa til að þær verði endanlega staðfestar á næsta formannafundi.

8) Upplýsingavefur.

Vefhópur hefur verið að störfum og farið var yfir stöðu mála. Einungis fjórar deildir hafa svarað spurningalista hópans en vonir standa til að fleiri taki við sér fyrir vikulok. Þá hefst vinna við að greina nánar þarfir og óskir um innihald og virkni.

9) Afreksráð.

Afreksráð er ekki enn fullskipað samkvæmt þeim ákvörðunum um samsetningu þess sem komu fram á síðasta formannafundi. Framkvæmdastjóri mun kalla eftir upplýsingum frá þeim aðilum sem á síðasta formannafundi tóku að sér að ræða við hugsanlega kandiðata í ráðið.

10) Formannafundur.

Formannafundur verður haldinn 17. nóvember kl. 20. Fundarefni verður fjárhagsstaða félagsins og deildanna. Sóknarfæri.

11) Önnur mál.

Engin.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn: Ekki ákveðið.

Fundi slitið kl. 19:00

Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir ritari stjórnar